

AÐSENDAR GREINAR

„Pirringur dansks blaðamanns“

PRJÁR greinar um sjálfsmynd Íslendinga hafa nýlega birst í Morgunblaðinu. Fyrsta greinin, Lesbókargrein, eftir Sigurjón Baldur Hafsteinsson mannfraeðing birtist 1. mars. Hún fjallaði um glansmyndir Íslendinga fyrr og síðar. Sigurjóni varð það á í messunni að fara of lofsamlegum orðum um sjónvarpsþættina Þjóð í hlekkjum hugarfarsins. Það leiddi af sér viðbrögð Árna Björnssonar þjóðháttafræðings þann 14. mars. Árni birti föðurlega áminningu með vísun til löngu liðinna þjóðskálda, sem höfðu fyrir ævalöngu sagt allt sem segja þurfti um það, sem afskræmt var í sjónvarpsþáttunum. Árni taldi heldur enga ástæðu fyrir Sigurjón að gera svo mikið veður úr einhverri pirringslegri grein eftir danskan blaðamann. Loks kom svar Sigurjóns við grein Árna þann 21. mars.

Grein Sigurjóns í Lesbókinni var þörf. Þótt það hefði ef til vill ekki verið ætlunin að greinin væri háfræðileg, kallaði hún strax fram hlekkjuð viðbrögð gamla skólans. Árni Björnsson skrifar reyndar af lífsreynslu, með tvo þriðju hluta 20. aldarinnar í farteskinu, eins og hann sjálfur segir. Þá er ekki nema von að Sigurjón, sem líklegast ólst upp fyrir framan sjónvarpið eins og við mörg, megi sín ekki mikils gegn rökum Árna, sem sýndu fram á að eymdin á Íslandi hefði alltaf verið mönnum kunnug. Vitnar Árni í bókmenntirnar því til stuðnings. Á blómatíma Árna hvarf hins vegar bændamennningin (með sínum rómantísku glansmyndum eða eymd). Meðan Árni gerðist þjóðháttafræðingur hurfu torfbæirnir einn af öðrum, aldagömul verkmenning þjóðarinnar, en einnig eymdin og fátæktin. Ekki var hægt að sporna við þessari þróun. Þjóðin efnadist nefnilega í stríðinu og herinn færði okkur meðal annars hið yndislega verkfæri, jarðýtuna. Bændur stýrðu síðan jarðýtunum, sem ekið var yfir gömlu bæina eftir að steinsteypuhúsin urðu foheld. Halda mætti að menn hefðu skammast sín fyrir forðitíðina, fátæktina, eða hvað það nú var sem jarðýtan fór yfir. Eftir stóðu útvaldir innanstokksmunir, rokkar og kistlar í löngum röðum á söfnum. Trémunir og ísaumuð teppi íslenskra handverksmanna segja hins vegar afar takmarkaða sögu um afkomu blásnauðs almenning og sjálfsmynd þjóðarinnar fyrr á öldum.

Hugsanlega eiga ungir fræðimenn erfitt með að setja sig inn í þjóðfélagsgerð bændasamfélagsins án þess að afskræma allt. Þetta er væntanlega vegna þess að flestir þeirra sem gátu miðlað af þekkingu sinni um þetta samfélag brugðust. Ef til vill má einnig kenna lélegri sögukennslu yngstu kynslóðanna um að myndröð eins og Þjóð í hlekkjum hugarfarsins virðist fullnægja fróðleikspörf nokkuð stórs hóps nútíma Íslendinga. Mikið af umræðunni sem fylgdi í kjölfar þáttanna var leiðinleg þrætupólitík, sem tengdist umræðunni um hvort mætti flytja inn erlendar landbúnaðarvörur eða ekki. Eitt er þó víst, að í myndinni komu fram mörg sannleikskorn, sem urðu jafnvel til þess að sumir í nútíma bændastétt tóku myndaflokkinn persónulega. Slíkt var óþarfa tilfinninganæmi.

Goðsagnir, glansmyndir og heil-agur sannleikur um fortíð og nútíð lifa í góðu yfirlæti á Íslandi og það er aðeins gott þegar sérhver ný kynslóð fræðimanna veltir fyrir sér

sögunni án þess að feta beint í fótspor lærifeðranna. Ef ekki á sér stað endurnýjun og -skoðun verður hér ólíft fyrir fræðipostul-um, sem ekki má falla hinn minnsti skuggi á. Mikil hætta er á slíku í litlum þjóðfélögum, þar sem margir berjast um fáar stöður á opinberum stofnunum.

Ég leyfi mér að taka undir ábendingu Sigurjóns Baldurs Hafsteinssonar til Árna Björnssonar um að horfa á íslenskar sjónvarpsútsendingar. Þar finnur hann nútíma fjallkonu. Það er þó ekki víst að maður með meirihluta aldarinnar í farteskinu horfi eins gagnrýnum augum á það sem þar birtist. Fjöldi manns af ákveðinni kyn-

Eigi sér ekki stað endurnýjun, segir
Vilhjálmur Örn
Vilhjálmsson, verður
hér ólíft fyrir fræðipostulum.

slóð klígiar hins vegar við að horfa á auglýsingar fyrir mjólk og íslenska tungu, þar sem ung, ljóshærð stúlka syngur um hreina tungu sína og heitir því að varðveita hana ómengaða. Þessi sama kynslóð fær fljótt leiða á að heyrta englakór úr háloftunum syngja „Ísland er land þitt“ meðan fallegustu landslög Íslands eru sýnd úr þúsund feta hæð. Slíkar myndir eru nú sýndar í stað gullfiskanna sálugu, sem birtust þegar hlé urðu á útsendingum Ríkissjónvarpsins. Ekki má heldur gleyma öllum landgræðsluá-tökunum, sem stefna að því að endurreisa forna fræð. Ísland á að verða skrudgarður eins og forðum. Það er þó vel hugsanlegt, að það séu aðeins fáeinir einstaklingar af

þessari sjónvarpskynslóð, sem láta þessa nýþjóðrembulegu sjálfsmynd, sem sett er fram af duglegu auglýsingafólki, fara í taugarnar á sér. Ef meirihluti þjóðarinnar er ánægður með þessar ákveðnu myndir og syngur með á viðlaginu, þá er niðurstaðan einfaldlega sú að svona er sjálfsmynd meirihluta þjóðarinnar þessa stundina. Þjóðin stendur að meirihluta í þeirri trú, að á Íslandi búi besta, fallegasta, gáfaðasta og sterkasta fólkið, sem talar hreinustu tunguna, borðar hreinustu landbúnaðarafurðir heims og skolar því niður með hreinasta vatninu í hreinustu og fallegustu náttúru veraldar. Vegna alls þessa hreinleika verður fólk hér allra þjóða elst og hæfast til að gegna leiðtoga-hlutverki meðal þjóðanna.

Það var einmitt þessi ímynd, sem danski blaðamaðurinn skrifaði um og kallaði glansmynd. Blaðamaðurinn, sem reyndar heitir Høy en ekki Høy, skrifaði ekki greinina nýlega heldur í maí árið 1994, eftir að hann hafði verið á Íslandi til að fylgjast með undirbúningi 50 ára lýðveldishátíðarinnar. Grein Høys var eina greinin í erlendu blaði árið 1994, sem ekki skjallaði Íslendinga á 50 ára afmælinu. Hann gerði góðlátlegt grín að sjálfsmynd Íslendinga. Írónían er aðalsmerki hans og það eru ekki bara Íslendingar sem hafa orðið fyrir barðinu á skrifum hans. Høy leyfði sér að setja spurningarmerki við sjálfsmynd íslensku þjóðarinnar. Hann telur okkur m.a. vera þjóðfélag skyldleikapots og þjóð sem ekki þolir mikla gagnrýni. Greinilegt er að Árni Björnsson hefur ekki lesið grein danska blaðamannsins. En furðulegra þykir mér, að Árni vill frekar kenna pirringi þessa danska blaðamanns um ungæðisleg skrif Sigurjóns, en t.d. gagrýnum skrifum Poul Durrenbergers og Gísla Pálssonar, sem Sigurjón vitnar einnig í í Lesbókargrein sinni. Grein danska blaðamannsins á fullan rétt á sér. Það var ekki talin vond latína hér áður fyrr er menn sögðu að glögggt væri gests augað.

Höfundur er fornleifafræðingur.

VIÐ LEYSUM VANDAMÁLIN

Kynning verður á hinum margverðlaunuðu
ELANCYL vörum sem bjóða upp á
mismunandi meðferð við CELLULITE

Í dag: GRAFARVOGSAPÓTEK, kl. 13-18

Á morgun: VESTURBÆJARAPÓTEK,
kl. 13-18

Komið og fáið faglega ráðleggingu.

Gjöf fylgir kaupum

Stöðvaður tímann næstu

10 árin

með því að nota
**CELLULAR DEFENSE
SHIELD**

Kynning í dag,
föstudag og laugardag
kl. 14-18.

10% kynningar-
afsláttur og veglegur
kaupauki.




HYGEA
nyrtivörusölun

Kringlunni

Húð þín endurheimtir
æskuljómann á ný – þökk
sér stórkostlegri virkni.

**CELLULAR DEFENSE
SHIELD** – frá

la prairie
SWITZERLAND



Langar þig í gullfallett ítalst leðursett ?

Þá skaltu líta til okkar því við eigum
margar gerðir af vönduðum "ekta"
leðursettum með gegnumlitaðri naus-
húð. Þessi ítölsku sett eru öll sérlega
falleg og þægileg -eins og þau gerast best.

Teg: Melissa

Leðurlitir - Vínrautt - Dökkfjólublátt -
Grænt - Svart - Gulbrúnt

3 - 1 - 1 kr. 310.290,- 3 - 2 - 1 kr. 335.170,-



Teg: Appia

Leðurlitir - Svart - Ljósbrúnt - Vínrautt -
Millibrúnt - Dökkbrúnt

3 - 1 - 1 kr. 236.270,- 3 - 2 - 1 kr. 259.830,-



Verið velkomin til okkar.
Opnunartími fram á haust.
Má til Fi. 9-18 Fö. 9-19

5% staðgreiðsluafsláttur
eða góð greiðslukjör til
margra mánaða.



HÚSGAGNAHÖLLIN
Bíldshöfði 20 - 112 Rvík - S:510 8000